

FUNDARGERÐ

391. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 16. maí 2017 kl. 17.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. „LEB málin“ -Landsfundur -Tillögur - Stjórnarkjör -Úrsögnin

Formaður skýrði frá niðurstöðu fundar síns og Þórunnar Sveinbjörnsd. með hluta stjórnar LEB þar sem niðurstaðan var að FEB tilnefni tvo menn til framboðs til stjórnar LEB. Þórunn Sveinbjörnsd. gefur kost á sér sem formannsefni og Sigurður Jónsson sem varaform.efni. Stjórn FEB samþykkti ofangreint og einnig að Erna Indriðadóttir stjórnamaður FEB verði einnig í framboði til stjórnar LEB.

Þannig verði komið á sterkum tengslum milli FEB og LEB í þeirri miklu og nauðsynlegu vinnu sem framundan er.

Tillaga stjórnar LEB til landsfundar um endurgreiðslu kostnaðar við vinnu FEB liggur fyrir.

Gengið var frá bréfi, og það undirritað af stjórnarmönnum, til LEB þar sem m.a. kemur fram að stjórn FEB hefur ákveðið á fundinum í dag að draga úrsögn félagsins úr LEB til baka. Tilkygning um úrsögn með fyrirvara um úrbætur innan LEB og greiðslur var send LEB hinn 29. des. 2016.

Skipað verður í málefnanefndir á Landsfundinum og er val um í hvaða nefnd/ir fulltrúar fara en eftirtaldir voru sértaklega samþykktir sem fulltrúar FEB í nefndum; Laganefnd Ellert B. Schram, kjaranefnd Guðmundur Gunnarsson, heilbrigðisnefnd Sigríður Snæbjörnsdóttir, félagsmálanefnd Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Fulltrúar FEB á landsfundinum hafa verið boðaðir til undirbúningsfundar fimmtudaginn 18. maí kl. 14.00 í Stangarhlynum. Á þeim fundi verður farið í tillögur að ályktunum sem liggja fyrir.

Umræða um „málaferli vegna grunnlífeyris“ og næstu skref. Áfram verði fengnir ákveðnir aðilar til spjalls og yfirferðar. Ákveðið að málinu verði síðan fylgt eftir inn á vettvang LEB.

Ákveðið að hafa vinnufund stjórnar 7. júní kl. 15.30 þar sem unnið verði eftir aðferðafræði „skjótvirkar stefnumótunar“ sem skýrt var á fundinum. Boðað verður sérstaklega til þessa fundar hvað varðar staðsetningu, dagsetning er föst.

Hér vék Guðmundur G. af fundi.

2. Grái herinn

EBS skýrði frá samtali sínu við við Ernu og Helga sem fulltrúa Gráa. Spurning með hvort FEB geti veitt Gráa meiri stuðning. Umræða um störf Gráa hersins og FEB og þörf fyrir starfsmenn þar. Samþykkt að fela formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við Gráa herinn.

3. Önnur mál

Erna kom inn á könnun um liðan eldri borgara sem gerð var á kostnað og fyrir félagsmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og LEB. Margt í könnuninni sem þar þarf að rýna.

Gísli fór yfir fjölgun félagsmanna og stöðu innheimtu félagsgjalda. Félagsmenn eru nú tæplega 11.000. Þeir sem greitt hafa félagsgjöld 2017 eru 9606. Aldrei í sögu félagsins hafa félagsmenn verið fleiri. FEB er því ein allra fjölmennustu frjálsu félagasamtökin á landinu. Innheimta er með því allra besta sem þekkist í slíkum félagasamtökum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.45.

Samþykkt;